

125 leiðis annast kvenfélagið árlega endurskoðun á reikningum sjóðsins. Halda skal sér-
14. okt. staka gerðabók og skrá í hana skipulagsskrá þessa, fundargerðir og sjóðreikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. október 1954.

Jóhanna Magnúsdóttir.

126

15. okt.

REGLUGERÐ

fyrir kvöldskóla K. F. U. M. í Reykjavík.

1. gr.

Skólinn heitir Kvöldskóli K. F. U. M. Hann er eign K. F. U. M. í Reykjavík og starfar sem deild í félaginu undir stjórn 5 manna skólanefndar. Hann nýtur einskis styrks af opinberu fé.

2. gr.

Skólinn er stofnaður árið 1921 af séra Friðriki Friðrikssyni, framkvæmdastjóra K. F. U. M. Hann starfar á kristilegum grundvelli, og er markmið hans að veita því fólki, er þess óskar, gagnlega fræðslu samhliða atvinnu þess.

3. gr.

Skólinn er tveggja ára samskóli kvenna og karla og starfar frá 1. október til síðasta vetrardags.

4. gr.

Einskis inntökuprófs er krafizt, en skólavist geta hlotið að lokinni læknis-
skoðun siðprúðir nemendur, er lokið hafa lögboðnu skyldunámi. Einnig er heimilt að taka í skólann nemendur, er lokið hafa námi 1. bekkjar gagnfræðastigs. Að loknu burtfararprófi úr Kvöldskóla K. F. U. M. hafa þeir nemendur fullnægt skyldu-
námi sínu, enda fari kennsla í skólanum fram samkvæmt námsskrá, er fræðslu-
málastjórn samþykkir.

5. gr.

Námsgreinar eru: Kristin fræði, íslenska, íslensk bókmenntasaga, upplestur, danska, enska, reikningur, bókfærsla og handavinna. Námsgreinum má fjölga eftir því, sem ástæður leyfa.

6. gr.

Próf skulu haldin í aprílmánuði. Nefnist próf upp úr yngri deild árspróf, en upp úr eldri deild burtfararpróf. Einkunnir skulu gefnar frá 0 og upp í 10, og þarf nemandi að fá 5 í meðaleinkunn til að standast próf. Í handavinnu skal prófeinkunn gefin fyrir vetrarvinnu nemenda.

7. gr.

Leyfi skulu vera þessi: 1. desember, 20. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum, öskudagur, skírdagur til 2. páskadags, að báðum dögum meðtöldum.

8. gr.

126

Skólastjóri er ráðinn af skólanefnd, er einnig ræður kennara og prófdómendur samkvæmt tillögum hans. 15. okt.

9. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans. Getur hann í samráði við skólanefnd vísað nemendum úr skólanum um stundarsakir eða að fullu, ef þurfa þykir.

10. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 1954.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. október 1954.

Bjarni Benediktsson.

Jóhannes Eliasson.

REGLUGERÐ

127

18. okt.

um viðauka við reglugerð frá 9. sept. 1954, um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja til erlends varnarliðs, er hér dvelur, og til útflutnings.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annarra en umboðsmanna hins erlenda varnarliðs hér á landi eða til útflutnings undir eftirliti tollyfirvalda og undir innsigli, eftir því sem þau mæla fyrir.

3. gr.

Um framleiðslugjöld fer eftir reglum, sem settar eru samkvæmt lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manninn hvor til þess að hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 19. gr., sbr. 42. gr., áfengislaganna.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. málsg. 7. gr. áfengisлага, nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 98 4. júní 1951 er úr gildi felld.

Í dómsmálaráðuneytinu, 18. október 1954.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.